

Krílakot og Kátakot

Fréttabréf apríl 2016



Komið sæl

Nú er aldeilis farið að vora hjá okkur vonum við, snjórinna að bráðna sem leiðir af sér bleytu og því þörf á pollafatnaði. Gróðurinn er að jafna sig eftir vetrardvalann og verður gaman að fylgjast með grænum stráum spretta undan sköflunum. Mars var skemmtilegur sem aðrir mánuðir hér í Krílakoti og Kátakoti, við höldum vetrarleika, höldum búningadag, fönndruðum páskaskraut og fórum í páskafrí. Nú er apríl að ganga í garð og ætlum við að undirbúa sumarið með ræktun og hreinsa til í kringum okkur. Við ætlum að fara með poka og tína rusl í kringum lóðina okkar með það að markmiði að halda umhverfinu hreinu. Við hvetjum alla til að tína rusl sem á vegi þeirra verður, margt smátt gerir eitt stórt og bærinn okkar verður fegurri fyrir vikið.

Lokað er á sumardaginn fyrsta þann 21. apríl

Breyting á skóladagatali:

Starfsfólk leikskólanna fer í námsferð í byrjun maí og verður lokað 2, 3 og 4 maí í stað 3, 4 og 6 eins og átti að vera. Þessi breyting var samþykkt í fræðsluráði árið 2015.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.

Foreldraráð 2015-2016

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

**Freyr (Þórlaug Diljá)
Karl (Bríet Þóra)
Gísli Rúnar (Alexandra Björk og Rakel Erla)
Sunna (Álfgrímur Bragi)
Helgi (Ingólfur Oddi og Eyrún Hekla)**

Uppbyggingarstefnan

Það getur verið gott að átta sig á hver maður er og fyrir hvað maður stendur, það veitir mann ákveðið öryggi. Allir þurfa öruggt skjól til að leita í ef eitthvað bjátar á og þá er mikilvægt að vita hvað veitir manni öryggi, er það heimilið, foreldrar, systkini, amma og afi eða kennarinn í leikskólanum.

Frelsi

Við höfum mis mikla þörf fyrir að hafa frelsi í lífinu

Þeir sem hafa ríka þörf fyrir frelsi vilja hafa valmöguleika, hafa þörf fyrir sveigjanlegt umhverfi og tilbreytingu, hafa gaman af sköpun og tilraunum, er sama hvað öðrum finnst, teru til í að prófa nýja spennandi hluti. Frelsiþörfina má helst uppfylla með því að fá frið til að gera og hugsa það sem maður vill en einnig með því að læra að taka meiri ábyrgð.

Áhrif



Tilheyra



Öryggi

Frelsi



Gleði





Sumarleyfi 2016

Sumarið 2016 munum við loka Krílakoti í 5 vikur frá 4. júlí og opna aftur þann 11. ágúst. Ástæðan eru framkvæmdir við leikskólann.

Kátakot verður lokað í 4 vikur eða frá 11. júlí og þann 11. ágúst flytja börnin í Krílakot.



LAP verkefnið í Krílakoti og Kátakoti



Foreldrafélag Krílakots og Kátakots Skólaárið 2015-2016

Harpa (Barri og Viggó)
Katla (Anton Andri og Arnór Atli)
Guðríður (Hákon Bragi)
Júlíana (Einar)
Elíngunn (Írena Rut og Hilmir Þeyr)
Stöndum saman að velferð barna okkar